

MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Tyggðu fram bros



Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær.

Extra minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

WRIGLEY'S
Extra[®]

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...



EGILL BLÆS Á KERTID Á SÉRSTAKRI LÓÐAKÓKU SEM HANN FÉKK Á AFMÆLINU



Mynd/Golli

Hlakka til að sjá fyrsta gráa hárið

Gillzenegger fagnaði þrítugsafmæli sínu í vikunni með glæsilegri veislu.

„Ég hélt síðast upp á afmælið mitt þegar ég var þrettán ára, þannig að fyrst ég ákvað að gera það núna ákvað ég að gera það almennilega,“ segir Egill Einarsson, betur þekktur sem Gillzenegger. Hann fagnaði þrítugsafmæli sínu með stórrí veislu á miðvikudagskvöld, en hann á afmæli 13. maí.

Veislan var reyndar haldin undir því yfirskyni að um fertugsafmæli væri að ræða. „Ég gerði það til þess að plata fólk. Þannig að þegar ég verð fertugur eftir 10 ár munu menn spyrja: „Bíddu varstu ekki fertugur þarna fyrir 10 árum síðan?“ Þá er sjúkíð farið og það verður ekkert vandræðalegt fyrir mig að verða gamall,“ útskýrir Egill.

Lagði áherslu á að fá frægu vinina

Mikið var um dýrðir í veislunni og krökkt af þekktum andlitum. „Ég lagði mikla áherslu á að frægu vinir mínir myndu koma, en ég var lítið að stressa mig á því hvort vinir mínir sem eru ekki þekktir myndu mæta. Þeir fengu bara Facebook-

boð en þeir frægu fengu Facebook-boð, SMS og símtal,“ segir Egill.

Hann segist langt frá því að vera að stressa sig yfir aldrinum. „Ég er einn af þeim fáu sem hlakka til að verða gamall. Í líkamsrækt toppar þú 43 til 45 ára, þá nær þroskinn í vöðvunum hámarki. Þá fer maður líka allur að grána og kerlingarnar hata það ekkert,“ segir Egill og bendir á George Clooney og Sean Connery sem sönnunargögn fyrir því að konur kunni að meta gráhærða menn. „Ég hlakka mikið til að sjá fyrsta hárið kikka inn,“ segir hann.

Engin kaka á afmælinu

Þrátt fyrir stóran áfanga neitaði Egill sér um að fá köku eða aðrar kræsingar á afmælisdaginn. Hann undirbýr sig nefnilega af krafti fyrir sjónvarpsþátt sem verður tekinn

GILLZ Á HÁLFRI MÍNÚTU

Hvaða mynd sástu síðast? Tango & Cash. Hún er rosaleg. Leigðu Tango & Cash í kvöld og það verður besta mynd sem þú hefur séð. **Með hverjum heldur þú á HM í sumar?** Englandi. Ég svo marga vini í liðinu. **Hver þarf mest á því að halda að mæta í einkaþjálfun?** Höddi Magg. **Hvað tekur þú í bekk?** 160 á kjötinu, fyrir hádegi, ótínn.



NÝR GILLZ.IS

Egill opnar um þessar mundir nýja og endurbætta útgáfu af vefsíðu sinni Gillz.is sem hann lét hanna fyrir sig. „Það er 100% öruggt að þessi síða fær verðlaun fyrir vefhönnun,“ segir Egill hógvæ.

upp eftir nokkrar vikur. „Það eru innan við sex vikur í að ég verði nakinn í sjónvarpinu í Bandaríkjunum. Þá get ég ekki leyft mér að borða kökur núna. Ég þarf að vera í hroðalegu standi þá,“ segir Egill. Um er að ræða

raunveruleikaþátt þar sem hann og Auðunn Blöndal keppa við Sveppa og Villa Naglbit um að komast á sem skemmstum tíma í gegnum Bandaríkin. Fyrirhugað er að sýna þáttinn í haust. Auk þess er Egill að skrifa sína þriðju bók. „Þegar ég fer út á meðal almennings sé ég að starfí mínu er ekki lokið. Það eru rasshausar og dónar út um allt,“ segir Egill, sem hefur áður gefið út bækurnar Biblía fallega fólksins og Mannasiðir og seldust þær báðar feykivel. „Ég á í rauninni í eilífri baráttu við að gera menn að betri mönnum. Ég gefst ekkert upp.“

Monitor mælir með

Á SKJÁNUM **How To Make It In America** er splunkunýr þáttur sem lofar virkilega góðu. Í þættinum er fylgst með þeim Ben og Cam sem reyna að koma sér áfram í tískuheiminum í New York. Upphafsstefið, I Need A Dollar með Aloe Blacc, er líka svo nett að það eitt og sér gerir þáttinn þess virði að horfa á hann. Rapparinn Kid Cudi leikur líka í þáttunum og það skemmir ekkert fyrir.



MAGANUM Eldofninn í Grímsbæ býður upp á frábærar pítsur á góðu verði. Þar er gott að setjast niður og borða en einnig er boðið upp á heimsendingar. Af matseðlinum má hiklaust mæla með pítsunni „Eldofninn“ sem er hrikalega góð fyrir þá sem vilja sterkan mat. Hvítlauksbrauðið er líka syndsamlega gott.



Í SPILARANUM Heligoland er nýjasta platan frá breska dúóinu Massive Attack og er alveg hreint stórgóð. Aðdáendur sveitarinnar höfðu beðið lengi eftir nýrri plötu frá sveitinni og olli hún engum vonbrigðum. Heligoland er nokkuð fjölbreytt plata enda er Massive Attack þekkt fyrir tilraunastarfsemi við upptökur. Það má mæla sérstaklega með laginu Paradise Circle.



Vikan á...

facebook

Vala Grand omg love this song rude boy by rihana it makes me feel sexy and _____ lol u guess 11. maí kl. 2:19

The Charlies Spent a lot of time in IKEA and Target today. Now sitting with Rip and the girls going through songs we just got from some amazing songwriters :-). Very exciting!! Hugs&kisses, Alma xoxo! 11. maí kl. 4:52

Arnar Grant tekur nokkrar pösur fyrir framan spegilinn... 11. maí kl. 6:43

Fjalar Þorgeirsson Menn sem halda með Liverpool ættu núna að breyta um og halda með Interpol! 12. maí kl. 0:39

Þorvaldur Davíð Kristjánsson my LAST WEEK before i'm officially a 4th Year at Juilliard. Time truly does fly!!! 12. maí kl. 11:51

Feitast í blaðinu

Vinsælustu myndbönd YouTube frá upphafi og sagan á bak við þau. >>>4

Nína Dögg Filippusdóttir leikkona í skemmtilegu viðtali. >>>8

Páll Óskar og Eurovision-spekingarnir spá fyrir um keppnina. >>>10

Filófaxið tekur saman alla helstu viðburði helgarinnar á einum stað. >>>12

Robin Hood með Russell Crowe í aðalhlutverki er frumsýnd um helgina. >>>14

Efst í huga Monitor



Sindri Eldon skrifaði gagnrýni um plötu Hafdisar Huldar, Synchronized Swimmers, í nýjasta tölublað Grapevine. Skemmst er frá því að segja að gagnrýnin er afar neikvæð og klykkir út á þeim orðum að ef þunglyndi hafði ekki drepjið hlustandann muni platan gera það að verkum að hann muni vilja drepa sig sjálfur.

Bubbi Morthens sér tilefni til að taka fram lyklorðið vegna þessa máls og skrifar um Sindra á Facebook-síðu sinni. „Hann getur ekki spilað á bassa skammlaust og í staðinn reynir hann að hefja sig upp í sól móður sinnar með drullu

um fólk sem hefur hæfileika sem sannarlega hann hefur ekki sem tónlistarmaður.“ Móðir Sindra er að sjálfsögðu Björk Guðmundsdóttir.

Bubbi fær fljótlega athugasemd þar sem hann er spurður hvort hann hafi sjálfur einkarétt á að upphefja sig á kostnað annarra. Hafdis Huld skrifar svo sjálf: „Takk Bubbi minn, gott að finna stuðning frá fólki sem veit um hvað það er að tala“ og er greinilega ekki skemmt yfir gagnrýni Sindra. Bubbi bætir svo um betur og segir: „Hann hefur reynt allt til þess að fá ljósið á sig kannski ætti hann að kúka á sviði þá fengi hann mögulega

umfjöllun við hæfi.“ Tónlistarfólkið Ragnheiður Gröndal, Jakob Frímann Magnússon og Orri Harðarson kvittar allt á athugasemdaþráðinn og segist sú fyrstnefnda ekki þola svona niðskrif. Gaukur Úlfarsson gagnrýnir Bubba hins vegar og skrifar: „Sjúklega hallærisleg og barnaleg færsla Bubbi. Ég á plötu sem Sindri gerði fyrir jólin síðustu sem er stúttfull af frábæri tónlist og svo ættir þú að vera manna síðastur að mæla gegn því að fólk segi það sem því í brjósti býr.“

Monitor fylgist spennit með framhaldinu.



Vinsælustu myndbönd YouTube

YouTube var sett á laggirnar í febrúar 2005 og er þriðji mest sótti vefur heims í dag. Monitor tók saman 10 mest skoðuðu myndbönd YouTube frá upphafi og söguna á bak við þau.



Lady Gaga – Bad Romance

Áhorf: 202 milljónir Birtist: 23. nóvember 2009

Tónlistarmyndband við lagið Bad Romance með Lady Gaga er það myndband sem oftast hefur verið skoðað á YouTube. Myndbandinu var leikstýrt af Francis Lawrence sem hefur gert myndbönd fyrir flest af stærstu nöfnum poppransans, þar á meðal Britney Spears, Justin Timberlake, Beyoncé og Shakiru. Myndbandið var frumsýnt 10. nóvember og 13 dögum síðar var það sett inn á YouTube. 25. apríl síðastliðinn, rétt rúmum fimm mánuðum eftir að það birtist á YouTube, varð það svo fyrsta YouTube-myndbandið í sögunni til að fá yfir 200 milljón áhorf. Myndbandið gerist í súrrealisku baðhúsi og er hugmyndin sú að Lady Gaga hafi verið rænt af hópi ofurfyrirsæta sem byrja henni ólyfjan og selja hana til rússnesku mafíunnar. Myndbandið hefur verið lofað í hástert af skribentum úr skemmtanaíðnaðinum. Entertainment Weekly sagði að Lady Gaga hefði aldrei litið betur út og danssporin í myndbandinu minntu á Thriller með Michael Jackson. Rolling Stone sagði að brot úr myndbandinu minntu á verk Stanley Kubricks og The Wall Street Journal sagði að Lady Gaga væri orðin meistari í öllu því sem Michael Jackson og Madonna gerðu svo vel á níunda áratugnum.

Charlie bit my finger

Áhorf: 188 milljónir Birtist: 22. maí 2007

56 sekúndna langt myndbrot sem breskur faðir tók af tveimur sonum sínum, Charlie og Harry. Drengirnir voru þriggja og eins árs gamlir þegar myndbandið var tekið upp, en hann segist upphaflega hafa sett það á YouTube svo að guðfaðir drengjanna gæti borið það augum. Myndbandið sýnir drengina tvo sitja saman í stól, þar sem yngri bróðirinn bitur þann eldri sem verður til þess að hann segir titilsetningu myndbandsins. Myndbandið var lengi vel það mest skoðað á YouTube. Bræðurnir eru orðnir heimsfrægir og er starfrækt heimasíða og seldur ýmis konar varningur í nafni þeirra með slagorönu „Charlie Bit My Finger“. Samkvæmt sérfræðingum sem breska blaðið The Times ræddi við er líklegt að tekjur fjölskyldunnar af auglýsingasölu í tengslum við myndbandið nemi um 100 þúsund pundum, andvörð tæpra 20 milljóna íslenskra króna. Bandaríska tímaritið Time setti Charlie Bit My Finger í fyrsta sæti yfir mögnuðustu myndbönd sem slegið hafa í gegn á YouTube frá upphafi.



Evolution of Dance

Áhorf: 143 milljónir Birtist: 6. apríl 2006

Dansarinn og skemmtikrafturinn Judson Laipply sýnir þróun dansins frá miðri 20. öld og til dagsins í dag. Það gerir hann með því að taka dansspor við nokkra af þekktustu slögurum tónlistarsögunnar sem til eru frægir dansar við. Myndbandið er 6 mínútur og gerði Laipply að stórstjörnu á nokkrum vikum. Síðan þá hefur hann tekið sporin í fjölda sjónvarpsþátta, skemmtana og í úrslitum NBA.



Lögin sem Judson Laipply dansar við í myndbandinu

- Hound Dog Elvis Presley (1953)
- The Twist Chubby Checker (1960)
- Stayin' Alive The Bee Gees (1977)
- Y.M.C.A. The Village People (1978)
- Kung Fu Fighting Carl Douglas (1974)
- Keep On The Brady Bunch (1973)
- Greased Lightnin' John Travolta (1978)
- You Shook Me All Night Long AC/DC (1980)
- Billie Jean Michael Jackson (1983)
- Thriller Michael Jackson (1983)
- Oompaloompa Willy Wonka & the Choc. Fact. (1971)
- Mr. Roboto Styx (1982)
- Break Dance (Elec. Boogie) West Street Mob (1983)
- Walk Like an Egyptian The Bangles (1987)
- The Chicken Dance Bob Kames (1992)
- Money Money Billy Idol (1981)
- Ice Ice Baby Vanilla Ice (1990)
- U Can't Touch This MC Hammer (1990)
- Love Shack The B-52's (1989)
- Apache (Jump on it) Sugarhill Gang (1981)
- Jump Around House of Pain (1992)
- Baby Got Back Sir Mix-A-Lot (1992)
- Tubthumping Chumbawamba (1996)
- What Is Love Haddaway (1993)
- Cotton-Eyed Joe Rednex (1994)
- Macarena Los Del Rio (1996)
- Bye Bye Bye 'N Sync (1999)
- Lose Yourself Eminem (2002)
- Dirt Off Your Shoulder Jay-Z (2003)

Justin Bieber – Baby ft. Ludacris

Áhorf: 130 milljónir Birtist: 19. feb. 2010


Tónlistarmyndband við lagið Baby með hinum 16 ára gamla Justin Bieber sem er óeitanlega einn allra vinsælasti tónlistarmaður heims í dag. Myndbandið er það nýjasta á topp 10 listanum og eru góðar líkur á að það verði það mest skoðaða áður en langt um líður.



Pitbull – I Know You Want Me

Áhorf: 120 milljónir Birtist: 9. mars 2009


Tónlistarmyndband við lagið I Know You Want Me (Calle Ocho) með kúbanskættaða rapparanum Pitbull. Þetta er fyrsta lag Pitbull sem nær vinsældum á alþjóðavísu. Lagið og myndbandið verða þó seint talin sérstaklega merkileg og eflaust eru margir sem furða sig á því hversu oft það hefur verið skoðað.



Hahaha

Áhorf: 119 milljónir Birtist: 1. nóv. 2006

Myndbandið Hahaha, sem er einnig þekkt undir nafninu „The Laughing Baby“, var tekið upp af sænskum manni árið 2006. Myndbandið sýnir ungan son mannsins skellihlæja að hljóðum sem hann gefur frá sér og náði það á mettime heimsathygli fyrir að vera fyrsti og krúttlegi. Myndbandið var sýnt Elísabetu II Bretadrottningu þegar hún heimsótti höfuðstöðvar Google í október 2008 og var hún yfir sig hrifin.



Miley Cyrus – 7 Things

Áhorf: 118 milljónir Birtist: 28. júní 2008


Tónlistarmyndbandinu við lagið 7 Things með Miley Cyrus hefur verið misvel tekið. Þótt það hafi verið tilnefnt til MTV-verðlauna sagði Los Angeles Times að myndbandið liti út eins og það hefði verið tekið upp með því að stíla myndavél á þrífót í kjallara og aðeins ein ljósapera notuð til lýsingar.



Miley Cyrus – Party in the U.S.A.

Áhorf: 117 milljónir Birtist: 25. sept. 2009

Miley Cyrus á tvö myndbönd á topp 10 listanum og er annað þeirra tónlistarmyndbandið við lagið Party in the U.S.A. sem kom út haustið 2009. Myndbandið sækir til dæmis innblástur í kvikmyndina Grease og er einstaklega bandarískt – bandaríski faninn blaktir í bakgrunni og allir dansa í rifandi stuði.



Jeff Dunham – Achmed the Dead Terrorist

Áhorf: 112 milljónir Birtist: 29. sept. 2007

Jeff Dunham er bandarískur grínisti og búktalari og er hryðjuverkabruðan Achmed einn af vinsælustu karakterum hans. Myndband frá því þegar Dunham tekur atriði með Achmed í fyrsta skipti árið 2007 varð á skömmum tíma eitt af þeim vinsælustu á YouTube og hefur verið æ síðan.



Lady Gaga – Just Dance

Áhorf: 110 milljónir Birtist: 16. júní 2009

Lady Gaga á bæði fyrsta og síðasta myndbandið á topp 10 listanum. Just Dance varð feykivinsælt lag og myndbandið, sem er klassískt partímyndband, naut ekki síður mikillar hylli. Því var leikstýrt af ungrum kvikmyndagerðarkonu að nafni Melina Matsoukas sem er ein sú heitasta í tónlistarmyndbandageiranum.





vero moda jeans™

ORIGINAL DENIM

SINCE
1987

Gambler
gallabuxur
10900

NÝ SENDING



Retro placket kjóll 2690



Massive bolur 1590



Lex Love XL bolur 1690



Lex Love M bolur 1290

VERO MODA®



FRÍÐRIK DÓR GERIR ALLT FYRIR HANA EN HEFUR LÍTIÐ VILJAD GERA FYRIR HÆNUR

Í rauðum buxum og sumarfíling

Nýtt myndband með Friðriki Dór á leiðinni.

„Þetta verður svakalega sumarlegt og litríkt,“ segir Friðrik Dór Jónsson sem tók á dögunum upp sitt fyrsta tónlistarmyndband. Myndbandið er við lagið Fyrir hana sem fór nýverið í spilun og hefur notið mikilla vinsælda á netinu. Myndbandið var gert af sömu aðilum og gerðu málningarslettumyndbandið við lagið Jealousy með Haffa Haff. Það var einmitt Haffi Haff sjálfur sem stíliseraði myndband Friðriks. „Haffi setti mig í rauðar buxur og kom með góðan sumarfíling í þetta,“ segir Friðrik og bætir við: „Ég fór líka í danskennslu til að læra nokkur spor sem ég tek í myndbandinu.“ Myndbandið var tekið upp í miðborginni, meðal annars uppi á þaki Íslensku auglýsingastofunnar á Laufásvegi.

Jay-Z bíður í París

Friðrik ætlar að eyða sumrinu í að spila um allt land auk þess sem hann vinnur að sinni fyrstu plötu sem kemur út í haust. Þá starfar hann sem vallerstarfsmaður í Kaplakrika. „Ég hef verið að vinna í Krikanum undanfarnin ár og bara gat ekki sleppt því núna, þótt það sé nóg að gera. Sérstaklega ekki þegar það er HM-sumar. Við ætlum að setja upp HM-stofu og svona,“ segir Friðrik. Áður en að HM kemur er hann hins vegar að fara í rómantíska ferð til Parísar með kærustu sinni þar sem þau ætla meðal annars á tónleika með Jay-Z. „Það verður mögnuð upplifun að sjá Jay-Z. Hann er frábær tónlistarmaður og mikill áhrifavaldur á mína tónlist,“ segir Friðrik.

EUROVISION



EURO-HAUKUR ER DÓSENT Í EUROVISION

Að taka það á þrjósakunni

Eurovision-þátttakendur eiga það til að vera eins og búmerang og koma aftur þegar þeim hefur verið kastað í burtu. Dæmi um það finnast í keppninni í ár eins og svo oft áður. Það eru Niamh Kavanagh, sem vann reyndar keppnina á gullárum Írlands á tíunda áratugnum og stúlknasveitin Feminnem sem keppti fyrir Bosníu 2005 en keppti fyrir Króatíu í ár. Vinsældir þessarar aðferðar eru svo sem skiljanlegar enda hefur hún nokkrum sinnum reynst ágætlega.

2 vikur í Eurovision

Skemmt er að minnst þess þegar rússneski vælukjóinn Dima Bilan sigraði árið 2008 með hinu hundleiðinlega lagi Believe, eftir að hafa lent í öðru sæti með fint lag tveimur árum áður. Sigurformúlan er þó ekki svona einföld og fáir vita það betur en hin malteska Chiara, sem tók þátt í fyrra og lítur út eins og Egill Helgason. Hún keppti fyrst árið 1998 og náði þriðja sætinu og hækkaði sig upp í annað sæti þegar hún sneri aftur árið 2005. Í þriðju tilraun hafnaði hún hins vegar í 22. sæti.

Það hefur einmitt frekar verið venjan hjá íslenskum keppendum að þeir skori lægra með hverju kastinu. Þannig náði Sigga Beinteins fyrst fjórða sætinu með Eitt lag enn, því næst sjöunda með Nei eða já og loks því tólfta með Nætur. Ekki tókst heldur að hækka Eirík Hauksson upp fyrir sextánda sæti Gleðibankans og hann komst ekki upp úr forkeppninni 2007. En bitrasta reynslan var líklega þegar gullkálfinum okkar, Selmu Björnsdóttur, var hafnað þegar hún sneri aftur árið 2005 til að sækja sigurinn sem hefði auðvitað verið með réttu hennar sex árum áður. Einhverjum kann því að þykja óþægilegt að vita til þess að Hera Björk hefur einmitt tvisvar áður komið fram fyrir Íslands hönd í keppninni - sem bakraddasöngkona þó - bæði í fyrra og árið 2008 með Eurobandinu. Hins vegar er mikilvæg undantekning á þessari reglu og hún heitir Stefán Hilmarsson. Hann lenti í sextánda sætinu

alræmda þegar hann söng um Sókrates árið 1988 en náði að hækka sig um eitt sæti, upp í það fimmtánda, þegar hann og Eyfi kepptu með Nínu þremur árum síðar. Eitt sæti kann að hljóma lítið í þessu samhengi en fyrir þá sem hafa lent í öðru sæti, eins og Hera og félagar í fyrra, þá skiptir eitt sæti augljóslega öllu máli. Við skulum því bara vona að Hera þulli einn Stefán í Ósló og sigurinn verði loks okkar. haukurjohnson@monitor.is

Ferska liti og fylgihluti í próflokpartíið

Sara Björk var að klára prófin og kíkta með Monitor í Sautján.



SARA BJÖRK ÞORSTEINSDÓTTIR

Nemi á þriðja ári í MK 06.11.91

Hvað fílaðir þú helst við lúkkið?
Kjöllinn er flottur og bjartir litir koma sterkir inn fyrir sumarið. Veskið þótti mér líka mjög flott.

Hvað fílar þú sem er móðins um þessar mundir? Ég er hrifin af röndóttu, uppreimuðum skóm og indjánastílnum.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast?
Ég keypti gráa peysu með axlarpúðum, rennda að aftan.

Uppáhaldsbúðir?
GS-skór, Topshop og Sautján.

Er eitthvað sem þú myndir aldrei klæðast? Sundbolur.

Hvaða lit klæðist þú helst?
Ég geng mikið í gráu og gulu.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?
Ég er að fara í útskriftarferð til Tyrklands í sumar og jafnvel til Frakklands.

Tónlist? Ég hef verið að hlusta mikið á Joshua Radin og íslenska tónlist.

Sjónvarpsþáttur? Modern Family eru hrikalega myndir þættir.

Uppáhaldsfylgihlutur?
Ég held mikið upp á töskur. Eyrnalokkar sem vinkonur mínar gáfu mér í afmælisgjöf eru einnig í upphaldi.

Hvað ertu með í töskunni?
Síma, lykla, vaselín, klemmu í hárið og lykklakippu með mynd af mömmu.

Uppáhaldssnyrtivara?
Maskari og vaselín eru nauðsynleg.



AUGNSKUGGA-BURSTI
Með ótrúlega mjúkum og endingargóðum nælonhárnum. 1.190 kr. Body Shop

KJÓLL
Flottur partíkjóll fyrir sumarið. 6.990 kr. Gallerí Sautján

LOVE GLOSS-VARAGLJÁI NR. 17
Sweet peach. Rakagefandi og mildur varagljai. 1.590 kr. Body Shop



SHIMMER WAVES NR. 01
Fimm litir saman. Hver og einn er notaður sem augnskuggi en allir saman sem kinnalitir. 2.790 kr. Body Shop



KINNALITA-BURSTI
Engin kona getur verið án kinnalitabursta. 1.890 kr. Body Shop



HRINGUR
Þeim mun stærri, þeim mun betri. 3.990 kr. Gallerí Sautján

MISS SIXTY SKÓR
Háu hælarnir eru enn há móðins, þessir eru must-have. 23.990 kr. Gallerí Sautján



ARMBÖND
Flott að setja mörg armbönd saman við látaust dress. 1.990 kr. (hvort um sig) Gallerí Sautján



Myndir/Ernir

Ray-Ban®



SKOÐAÐU – PANTAÐU

www.opticalstudio.is

Nu
ef

■ ■ *Ég nenni
ekki til
Hollywood. En hvað
gerir maður samt
ekki fyrir karlinn?*

viðtalið



Þetta er næsta mann honum er illt

Nína Dögg Filippusdóttir er ein af stofnendum leikhópsins Vesturports og um þessar mundir leikur hún Júlíu í klassíkinni Rómeó og Júlía. Nína segist vera trúður að eðlisfari og er ófeimin við að koma nakin fram.

Eftir Hauk Viðar Alfreðsson

haukurv@monitor.is
ernir@mbl.is

Nína Dögg Filippusdóttir situr sjaldan auðum höndum. Hún var ein af þeim sem stofnuðu leikhópin Vesturport á sínum tíma og hefur eytt undanföllum áratug á fjöllum leikhúsa víða um heim og fyrir framan tökuvélarnar. Nú leikur hún í uppþæslu Vesturports á gullmola William Shakespeare, Rómeó og Júlíu, en verkið var frumsýnt á dögunum í Borgarleikhúsinu. Nína var engu að síður til í að gefa Monitor klukkutíma í spjall um allt og ekkert.

Nú er verið að frumsýna Rómeó og Júlíu. Hvernig hefur þetta gengið?

Þetta hefur gengið mjög vel. Það er ótrúlega gaman að koma að þessu aftur. Það eru átta ár síðan við frumsýndum verkið fyrst og sjö ár síðan við lékum þetta síðast á íslensku. Við höfum leikið þetta oftast á ensku og það er mjög fyndið að koma að þessu aftur á íslensku. Við fengum mörg hláturskóst þegar við vorum að stíga skrefin inn í þetta aftur. Okkur þykir öllum voðalega vænt um þessa sýningu og okkur hefur alltaf líðið eins og við værum ekki alveg búin með hana hérna heima. Við erum í góðu formi og þetta gengur allt furðulega vel.

■ ■ **Ég held að við séum nú alveg að mjakast í áttina að því að verða einn af stóru leikhópnum í heiminum.**

Var ekki erfitt fyrir Íslendinga að leika heilt leikrit á ensku, kvöld eftir kvöld?

Ég kveið mikið fyrir þessu en við fengum alveg frábæran talþjálfara sem hjálpaði okkur með enskuna. Þegar maður fer að leika Shakespeare finnur maður hvað hann var assgoti flinkur. Hann skrifar þetta svo útpælt. Hver sérhljóði hjálpar manni að ná í tilfinningarnar. Þegar það er mikil reiði þá notar hann mikið af S-um og T-um, sem stinga. Þegar það er mikil sorg þá er mikið um O og A. Það er magnað að stúdera þetta. Maður þarf að þjálfra munninn öðruvísi en maður er vanur. En svo lærði maður þetta bara utanbókar. Maður var kannski mest stressaður yfir því að geta ekki bjargað sér ef maður ruglaðist.

Og til hverra höfðar sýningin aðallega?

Ég myndi segja að hún væri fyrir alla. Þannig var Shakespeare nú bara. Hann hafði eitthvað fyrir alla í verkunum sínum.

Nú er Shakespeare mikilfenglegur og stór í sniðum. Finnst þér öðruvísi að leika í þannig verkum heldur en þeim lágstemmdari?

Þú notar öðruvísi orku. Í Rómeó og Júlíu þarf ég að nota alla orku sem ég á. Þetta er klassík, mikið um tilfinningar, mikið af áhættuatriðum og maður notar líkamann öðruvísi. Það var til dæmis algjör unaður að leika í Kommúnunni að því leyti að það var svo afslappað. Sem betur fer er þetta fjölbreytt. Ég myndi ekki nenna að leika bara Shakespeare.

Nú ert þú einn af stofnmedlimum Vesturports, sem byrjaði töluvert smærri í sniðum en úr varð. Var það af ásetningu sem Vesturport varð svona stórt?

Við settum okkur eitt markmið. Við ætluðum að verða besti leikhópurur í Evrópu. Það byrjaði sem hálfgerð djók, en síðan fannst okkur við vera komin langt með það að ná því markmiði. Þannig að þá var

ákveðið að verða besti leikhópurur heims. Eins og ég segi, þetta var meira grín en alvara, en ég held að við séum nú alveg að mjakast í áttina að því að verða einn af stóru leikhópnum í heiminum.

Nú fer eiginmaður þinn, Gísli Örn Gardarsson, með hlutverk í kvikmyndinni Prince of Persia sem frumsýnd var um síðustu helgi. Hvernig upplifun er þetta búid að vera?

Þetta er auðvitað alveg meiriháttar. Frábært að hann skuli hafa fengið þetta hlutverk og komist inn í þennan heim. Ég var svo heppin að ég gat verið með honum þarna úti í Marokkó í mánuð með dóttur okkar, fólkið var alveg yndislegt og það var bara ótrúlega gaman fyrir okkur frá þessu litla landi að koma inn í svona stórt batterí. Það var öllu tjaldað til og allir peningar í heiminum í þessu og allt á Hollywood-skala.

Og hvernig er það að þurfa að ferðast svona mikið?

Við höfum unnið svona fram og til baka. Gísli hefur unnið töluvert úti í London með leikhópi sem heitir Kneehigh. Við vorum bæði með þeim í fyrria og ferðuðumst út um allt Bretland og vorum þar úti í níu mánuði. En við eigum heima hér. Ég er fastráðin í Borgarleikhúsinu næstu tvö árin.

Þannig að ef hann meikar það í Hollywood þá verður hann að fara á undan þér?

Þá verður hann að fara á undan mér, þessi elska. Nei, nei, þá verður hann bara að fljúga fram og til baka. Ég nenni ekki til Hollywood. En hvað gerir maður samt ekki fyrir karlinn?

En svo við hverfum aðeins til fortíðar, hvernig og hvenær smitaðist þú af leiklistarbakteríunni?

Ég held ég hafi smitast mjög snemma. Mamma var mjög dugleg við að fara með mig í leikhús. Og amma og afi. Áhuginn kviknaði mjög snemma. Svo er ég líka trúður að eðlisfari. Ég er reyndar að reyna að losa mig við hann með þroskanum, en það var aldrei langt í sprellið. En ég var svona, hvað á maður að segja, fíflað í hópnum. En ég var samt ekki mjög dugleg við að fara á námskeið og svona. Einhvers staðar inni í mér var ég hrædd við höfnunina. Ég var hrædd við að vera ekki valin í hlutverk. Og þess vegna ýtti ég því svolítið frá mér að þora að taka þátt og bjó til allskonar afsakanir fyrir því að taka ekki þátt. En svo kom þetta bara með auknum þroska. Síðan fór ég í FB og fór þar í leiklistina og í nemendasýninguna og þá fattaði ég að þetta væri það sem ég vildi gera.

Myndirðu segja að leikarar væru öðruvísi en aðrir listamenn? Rithöfundar og tónlistarmenn virðast oft vera svolítið bældir en leikarar faðma mann meira.

Við erum auðvitað að vinna öll svo náíð saman, líkamlega. Snerting fær örugglega aðra merkingu hjá okkur en flestum öðrum. Ég get nuddað næsta mann ef honum er illt í öxlunum og við eigum mjög auðvelt með að knúsast og halla okkur upp að hvort öðru. Þar liggur kannski einhver munur, því að í okkar starfi verður þetta að vera frá. Þú ert í fjögur ár að vinna ótrúlega náíð með bekknum þínum. Bara í leikfiminni eruð þið að kúlðrast ofan á hvort öðru. Þið eruð að rúlla og veltast um í svita hvors annars og girðingarnar eru ótrúlega fljótar að hverfa.

Nú hefur þú látið hafa eftir þér að þér finnst lítið mál að koma nakin fram. Hefurðu gert mikið af því?

Nei. Já, hann Páll Baldvin gagnrýnandi skrifaði krítík um Rambó 7, verkið sem við gerðum í Þjóðleikhúsinu með Jóni Atla og Agli Heiðari. Í

Á 60 SEKÚNDUM

Skemmtilegasta hlutverkið: Þetta er erfitt. En það er alltaf gaman að koma aftur að Júlíu. Þau eru flest skemmtileg en Júlía stendur líklega upp úr. Líklega vegna þess að ég hef leikið hana 400 sinnum.



Draumamótleikari/-leikkona:

Ertu að djóka? Þetta er ekki flókið. Kate Winslet eða Sean Penn. Nei, ég tek þetta til baka. Ég verð að segja Meryl Streep. Drauma-castið er allavega þær tvær. Og Sean Penn.

Uppáhaldskvikmynd: Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Ég get horft á hana aftur og aftur.



Uppáhaldstónlistarmaður: Nick Cave dettur oft inn sko. En minn upphalds tónlistarmaður er bróðir minn, Sigurjón Brink.

Uppáhaldsmatur: Nautasteik. Rare. Með góðu meðlæti. Kartöflumús og feitri smjör-Bernaise. Þá er ég hamingjusöm. Og smá grænmeti og eðalrauðvin.

Uppáhaldsstaður á Íslandi: Ég hef ferðast svo lítið um landið en ég fór næstum því að gráta þegar ég kom á Rauðasand í sumar. Ég kafaði úr fegurð. Ferðu þangað í sumar, ég mæli með því.



krítíkinni segir hann „Hvað er að karlmönnum sem Nína vinnur alltaf með? Þurfa þeir alltaf að taka hana úr fötunum eða vill hún það kannski sjálf?“. Mér þykir mjög vænt um þessa krítík. Fyrsta verkefnið sem ég gerði eftir útskrift var Englabörn, og það fjallar um sífjaspell. Ég var í svona gegnsæjum kjól. Næsta verkefni var Kryddlegin hjörtu. Þar löbbuðum við maðurinn minn nakin inn í sólarlagið. Meira held ég að ég hafi ekki verið nakin á sviði. Jú, í Kommúnunni. Að neðan.

Það hljómar eins og versta martröð margra, að þurfa að standa allsber uppi á sviði.

Ég er ekki feimin að eðlisfari. Við erum öll eins, og öll með þetta sem við erum alltaf að hylja. Við förum í sund og erum í pínulitlu bikini en finnst skrytið að koma fram á nærfötunum. Fyrir mér er það bara það sama.

Nú var Kóngavegur frumsýndur fyrir skemmstu. Hvernig hafa viðtökurnar verið?

Þetta var meiriháttar skemmtilegt. Valdís (Óskarsdóttir, leikstýra) er alveg ótrúleg kona og með góða framléiðendur á bak við sig (framléiðslufyrirtækið Mystery). Hún kom til Gísla fyrir mörgum árum með hugmyndina að Sveitabréðkaupi, sem var fyrri myndin hennar, og vildi fá hópinn í verkefnið. Við ákváðum að kyla á þetta og gerðum Sveitabréðkaup og það var frábærlega gaman. Og Valdís var svo ákðf eftir þetta og vildi strax fara í næsta verkefni. Og þá kom hún með hugmynd að mynd sem gerist í hjólhýsahverfi. Svo bara óð hún í þetta, fékk okkur öll aftur í lið með sér og við kylðum bara á þetta og viðtökurnar hafa verið góðar.

Að lokum, hvað er framundan hjá þér?

Næst er það kvikmyndin Brim. Það er verið að leggja lokahönd á hana. Ég á skipi með fullt af köllum. Hún verður frumsýnd vonandi í haust. Síðan ætla ég að halda áfram að sýna Dúfurnar og Faust þangað til ég fer til London í haust en okkur hjá Vesturporti og Borgarleikhúsinu var boðið til London með Faust-sýninguna.

SJÓNVARP

SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ



FIMMTUDAGUR 13. MAÍ



DESPERATE HOUSEWIVES

Sjónvarpið
21:00 Aðþrengdu eigin-konurnar og þau óvenjulegu vandamál sem plaga þeirra nærumhverfi veita gott fri frá amstri hversdagsins.

PARKS AND RECREATION

Skjár einn
20:35 Amy Poehler fer á kostum í hlutverki ofurmetnaðargjarns bæjarpólitikuss í smábænum Pawnee í Indiana. Fyndnir þættir sem minna um margt á The Office, enda koma þeir að hluta til úr smíðju sömu manna.



FÖSTUDAGUR 14. MAÍ

TALIÐ Í SÖNGVAKEPPNI

Sjónvarpið
20:05 Í þess-um þáttum stíklar breski sjónvarpsmaðurinn Ian Wright á stóru og kynnis sér lög og flytjendur sem keppa munu í Eurovision-keppninni í lok mánaðarins. Einnig er skyggst á bakvið tjöldin og fylgst með undirbúningi keppinnar í Noregi.



WIPEOUT USA

Stöð 2
20:00 Það er fátt skemmtilegra en að sjá annað fólk detta og í þessum þáttum má sjá nóg af því þegar keppendur reyna að staulast í gegnum hinar ýmsu þrautir. Auðveld og áreynslulaus afþreying.

LAUGARDAGUR 15. MAÍ



SJÁÐU

Stöð 2
18:00 Ásgeir Kolbeins kynnis allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjórnumar eru.

STARDUST

Stöð 2
21:00 Stjórnum prýdd ævintýramynd sem upphaflega stóð til að yrði tekin að hluta á Íslandi. Tristan er ástfanginn af hinni fögru Viktoríu og reynir að vinna ástir hennar með því að ferðast inni ævintýrariði Stormhold til að sækja stjórnu sem féll af himnum. Á ferðinni flækist hann í spennandi atburðarás sem hefur í för með sér alls kyns töfra og fjöldann allan af skrautlegum karakterum. Meðal leikara eru Michelle Pfeiffer og Robert De Niro.



ETERNAL SUNSHINE OF THE SPOTLESS MIND

Skjár einn
21:50 Stórgóð mynd með Jim Carrey og Kate Winslet. Myndin hlaut Óskarinn fyrir besta handritið auk þess sem Kate Winslet var tilnefnd til verðlauna fyrir besta leik í aðalhlutverki.

SUNNUDAGUR 16. MAÍ



BERLÍNARASPIRNAR

Sjónvarpið
20:35 Þetta er fyrsti þátturinn í norskum myndaflokki byggðum á vinsælum skáldsögum eftir Anne B. Ræde. Þættirnir hafa verið tilnefndir til fjölda verðlauna í Noregi og víðar, til dæmis hlutu þeir eina tilnefningu á alþjóðlegu Emmy-verðlauninum.

Fólk fær kikk út úr þessu

Flestir sverja af sér áhuga á Eurovision. Samt virðast allir vilja horfa á Alla leið í stjórn Páls Óskars. Hvað veldur?

„Íslendingar hafa gaman af Eurovision hvort sem þeim líkar það eða ekki. Og það er alltaf gaman að heyrja ný popplög eða nýja músík sem þú heyrir ekki á hverjum degi í útvarpinu þínu,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson spurður um útskýringar á vinsældum þáttarins Alla leið sem hann stýrir. Í þættinum gæða nokkrir valinkunnir tónlistarspekingar sér á þeim lögum sem keppa í Eurovision í lok mánaðarins og melta þau frammi fyrir vökulum augum þjóðarinnar en samkvæmt mælingum er þátturinn eitt allra vinsælasta sjónvarpsefni á landinu um þessar mundir. „Ég held að fólk fái svolítið kikk út úr því að horfa á og hlusta



EUROVISION

Hvenær: Forkeppnirnar eru 25. og 27. maí. Lokakeppnin fer fram laugardaginn 29. maí.
Sigurstranglegir: Veðbankar setja Azerbajjan, Þýskaland, Ísrael og Danmörku ofarlega.
Vonlausir: Hvorki veðbankar né aðrir hafa trú á Slóveníu.
Ísland: Þeir sem veðja á Ísland geta u.þ.b. hundraðfaldað upphæðina ef við sigrum.

SPEKINGARNIR HAFNA TRÚ Á HERU

En við erum fyrst og fremst bara að spá. Þetta er ekki svona sleggjudómabáttur. Þau eru að spá því hvaða lög komast áfram og hvaða lög eiga það skilið að fá gott brautargengi,“ segir hann og bendir á að stundum gefi spekingarnir lögum grænt ljós þó svo að þau fili þau ekki sjálf. „Þau eru bara að leggja kalt mat á það með tilliti til aðstæðna hvort þau komast áfram eða ekki.“

Erfðara en oft áður að spá

Eins og komið hefur fram í þáttunum hafa Páll Óskar og spekingarnir þrjár náo að spá nokkuð vel fyrir síðustu ár um hvernig hinum ýmsu lögum mun ganga og spáðu meira að segja rétt fyrir um sigurvegara í fyrri. Í ár virðist þó vera mun minni eining um það hver mun hreppa fyrsta sætið. „Ef það er eitthvað réttlæti til í heiminum þá á Króatía að vinna þetta núna,“ segir Páll. En réttlæti og Eurovision fara ekki alltaf saman. „Það er enginn í kringum mig, enginn í fjölskyldunni og engir vinir mínir sammála um það hverjir eru að fara að vinna. Ég get því lofað því að úrslitin verða brjálæðislega óvænt.“

PÁLL ÓSKAR ÞÍSKAR SPEKINGANA ÁFRAM ALLA LEIÐ TIL ENDA

LAUGARDAGUR KL. 19:40

ALLA LEIÐ

Mynd/Golli

HVAÐ SEGJA EUROVISION-SPEKINGARNIR?

Reynir Þór Eggertsson

Þykir vænst um Minn hinsta dans

Sigurstrangleasta lagið: Það er líklega Frakkland.

Lagið sem ætti að vinna: Ísrael og Írland eru fallegustu lögin þó ég væri nú samt alveg til í að Portúgal eða Ísland myndu vinna líka.

Lélegasta lagið í ár: Slóvenía, klárlega!
Besta íslenska Eurovision-lagið: Mér þykir náttúrulega alltaf voða vænt um Minn hinsta dans af því ég fór þá sjálfur út með Palla. En Hægt og hljótt finnst mér líklega það fallegasta.
Besta erlenda Eurovision-lagið: Það er portúgalska lagið frá 1969, Desfolhada Portuguesa.



Guðrún Gunnarsdóttir

Vil helst að Svíarnir taki þetta

Sigurstrangleasta lagið: Við fyrstu áheyrn fannst mér Danmörk vera með sterkasta húkkinn. Svo koma sterk lög eins og franska lagið og Belgía er líka með svolítið sterkt lag núna. Belgíska lagið er svolítið modern miðað við Eurovision.

Lagið sem ætti að vinna: Ég vil að sænska lagið vinni. Mér finnst það æðislegt.
Lélegasta lagið í ár: Ég er ekki alveg með það á hreinu. Það eru svo mörg lög sem koma til greina, þau rúmast ekki. Það er ekkert eitt.
Besta íslenska Eurovision-lagið: Nína.
Besta erlenda Eurovision-lagið: Lane Moje sem kom frá Serbíu árið sem Jónsi var að keppa, 2004. Þetta lag fannst mér æðislegt. Ógeðslega vel sungið og ógeðslega flott lag.



Dr. Gunní

Ekkert sérstaklega gott stöff í ár

Sigurstrangleasta lagið: Það kemur nú bara í ljós í síðasta þættinum af Alla leið. En það er verið að tala um að danska lagið sé jafnvel líklegt til vinsælda.

Lagið sem ætti að vinna: Það er ekkert sérstaklega gott stöff í ár að mínu mati. En svona í fyrstu umferð þá fannst mér gríðarlega hallærislega lagið frá Grikklandi, Opa, vera skemmtilegt. Lagið frá Eistlandi er líka nokkuð gott og rússneska lagið er fínt. Það vinnur á.
Lélegasta lagið: Þau eru nú svo mörg léleg að það er dálítið erfitt að draga eitthvað eitt út. En það var eitt ömurlegt, eitthvað svona sýnishornalag með bæði rokki og þjóðlagatónlist, frá Slóveníu. Það er alveg sláandi lélegt.
Besta íslenska Eurovision-lagið: Lagið frá Silvíu Nótt, Congratulations.
Besta erlenda Eurovision-lagið: Það eru Waterloo og All Kinds Of Everything.



Lilke á facebook



Monitor verður í grimmu gjafastuði á Facebook í næstu viku. Á hverjum degi ætlum við að gefa máltíðir á **Hamborgarafabrickuna**, bíómiða á **Robin Hood** og kvikmyndina **Bjarnfreðarson** á DVD.



MONITOR

facebook.com/monitorbladid



Monitor kemur út alla fimmtudaga. Blaðinu er dreift frítt um allt land og fylgir með Morgunblaðinu til áskrifenda.

SCHUBERT

Frikirkjan
11:00 Morguntónleikaröð Ágústs Ólafssonar bassasöngvara og Gerrits Schuils píanóleikara í Frikirkjunni í Reykjavík. Á tónleikunum flytja þeir þrjá þekktustu ljóðasöngva Schuberts en óvenjulegt er að hafa tækifæri til að hlýða á þá alla með svona stuttu millibili. Miðaverð 2.000 krónur.



SKOPPA OG SKRÍTLA Á TÍMAFLAKKI

Borgarleikhúsið, Litla svið
12:00 og 14:00 Í þessari nýjustu sýningu Skoppu og Skrítlu láta þær sér ekki nægja að ferðast um heiminn, heldur ferðast þær líka um í tíma og hitta fyrir fólk og fyrirbrigði sem eru ekki vanalega á rölti í miðbænum. Syngjandi glöð sýning fyrir alla fjölskylduna. Miðaverð 1.950 krónur.

ALGJÖR SVEPPI – DAGUR Í LÍFI STRÁKS

Íslenska óperan
13:00 Sveppi fer með aðalhlutverkið í þessari skemmtilegu fjölskyldusýningu og honum til halds og trausts er leikarinn Orri Huginn Ágústsson. Sýningin byggir á barnaplötu Gísla Rúnars, Algjör sveppur, frá árinu 1978. Leikstjóri er Felix Bergsson og tónlistarstjóri er Jón Ólafsson. Miðaverð 2.800 krónur.

15 maí

FÍASÓL

Þjóðleikhúsið, Kúlan
13:00 og 15:00 Átta ára gleðisprengrin Fíasól er drottning í sínu eigin risastóra hugmyndaríki. En stundum fljúga hugmyndirnar svo hátt að hún missir þær út í vitleysu. Sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á vinsælum barnabókum eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Leikstjóri er Vigdís Jakobsdóttir. Miðaverð 1.500 krónur.

GRANNMETISLÖG

Gerðuberg
14:00 Caput-hópurinn, ásamt Guðrúnu Ólafsdóttur, flytur sönglagaflokk eftir Hauk Tómasson og Þórarín Eldjárn. Sprotar að vori, ungr tónsmíðir, stíga einnig á stökk.



MARIÚSÖNGVAR

Kristiskirkja við Landakot
16:00 Fjöldi tónskálda hefur í gegnum tíðina helgað Maríu mey verk sín og endurreisnin var sannkallað blómaskeið slíkra Mariúsöngva. Kammerkórinn Carmina ásamt einsöngvurum syngur Mariúsöngva í Kristiskirkju, meðal annars hið víðfræga Ave María eftir Josquin des Prez. Miðaverð 2.500 krónur.

EILÍLF ÓHAMINGJA

Borgarleikhúsið, Litla svið
18:00 Andri Snær Magnason og Þorleifur Örn Arnarson,

höfundar verksins, rædda á síðastliðnu ári við fleiri en þúsund Íslendinga, og eftir standa fimm persónur sem lifna við á sviðinu. Miðaverð 3.450 krónur.

GLERLAUFIN

Norðurljólinn
20:00 Breskt nútímaleikrit eftir hinn margrómaða höfund Philip Ridley en hann hefur skrifað fjölda leikrita og hlotið fjölmörg verðlaun fyrir skrif sín. Miðaverð 2.500 krónur.



BEDROOM COMMUNITY

Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið
20:00 Tónlistarsamstarfið Bedroom Community hefur lagt Evrópu að fótum sér með The Whale Watching Tour en tónnum ljúka þeir einmitt með tónleikum á Listahátíð í Reykjavík. Með þeim á ferðalaginu eru Nadia Sirota viola, Una Sveinbjarnardóttir fióla, Borgar Magnason kontrabassi og Helgi Hrafn Jónsson básúna og söngur. Daniel Bjarnason, tónskáld og stjórnandi, opnar tónleikana með eigin verki fyrir litla hljómsveit. Miðaverð 3.500 krónur.

RÓMEÓ OG JÚLÍA VESTURPORTS


Borgarleikhúsið, Stóra sviðið C
20:00 Árið 2002 frumsýndi Vesturport Rómeó og Júlíu á Litla sviði Borgarleikhússins. Sýningin sló í gegn og markaði hún upphafið að gæstu gengi leikhópsins. Síðan hefur sýningin ferðast víða um heim og hlotið mikla athygli, enda uppsetningin mikið sjónarspil en þar

mætast sirkus og leikhús með nýjum hætti. Frábært tækifæri til að rifja upp kynnin við þessa skemmtilegu sýningu.



DAGBÓK ÖNNU KNÚTS - HELFÖRIN MÍN

Kaffi Rósenberg
21:00 Bráðfyndið uppistand þar sem Anna Svava Knútsdóttir, leikkona, lýsir unglingsárum Önnu Knúts á gamansaman og dramatískan hátt. Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóri. Miðaverð 1.000 krónur.



TÍUÞYNNKUBÍÓ

Prikið
22:00 Kvikmyndinni Anaconda verður varpað á tjald fyrir þá sem vilja hræða úr sér þynnuna með ónotahrolli. Poppkorn í boði. Frítt inn.

hollt er gott

BK KJÚKLINGUR
 alvöru grillaður kjúklingur

Grensásvegi 5 | Reykjavík | Sími 588 8585

Opið alla daga 11:00 - 22:00

www.bkkjuklingur.is

DÚFURNAR

Borgarleikhúsið, Nýja Sviðið B
19:00 og 22:00



LITLA FLUGAN

Salurinn í Kópavogi
17:00 og 21:00 Tónleikar til heiðurs Sigfúsi Halldórssyni. Perlur hans fluttar af Stefáni Hilmarssyni, Heru Björk Þórhallsdóttur og Agli Ólafssyni. Tondeleyo, Litla flugan, Dagný, Við Vatnsmyrina og fleiri ódauðleg lög. Með hljómsveitarstjórn fer Björn Thoroddsen. Miðaverð 3.500 krónur.

GERPLA

Þjóðleikhúsið, Stóra svið
20:00 Baltasar Kormákur hefur á undanföllum árum sett upp geysivinsælar sýningar í Þjóðleikhúsinu, þar sem hann hefur tekið vinsæl og virt skáldverk frumlegum og ógrandi tókum. Ásamt einvala liði leikhúsfólks leggur hann nú til atlögu við meistaraverk Nóbelskáldsins. Miðaverð 3.400 krónur.

TRÚBADORASTEMNING

English Pub
21:00 Maggi mundar gítarinn og hitar upp fólk til miðnætts en þá taka trúbadorararnir þór og Raggi við.

DJ KÁRI Á BAKKUS

Bakkus
21:00 Rifandi stemning langt fram á nótt.

A BAND ON STAGE OG DÆTRASYNIR

Kaffi Rósenberg
22:00 Dætrasynir bjóða upp á kankvist karlrembupopp og A Band on Stage flytur ábreiður af erlendum,

angurværum eðalballöðum. Skemmtileg tónlist og gott grín í bland. Miðaverð 1.000 krónur.

DJ B-RUFF & GÍSLI GALDUR

Kaffibarinn
22:00 Benni B-Ruff og Gísli Galdur gera allt vitlaust.



ÁRSTÍÐIR, LIGHTS ON THE HIGHWAY OG TOM

Sódóma
22:00 Þrjár sveitir sameinast og bjóða upp á gæðatónlist og góða stemningu. Miðaverð 1.000 krónur.

DANS-HANS Á KARAMBA

Karamba
23:45 Dans-Hans þeytir skífum og lætur liðið dansa.

DJ EINAR Á B5

B5
00:00 Plötusnúðurinn Einar heldur uppi stuðinu.

www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfarir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Þú ert til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00

Allt að gerast - alla fimmtudaga!
 monitor@monitor.is

FERILLINN



Russell Crowe

Hæð: 180 sentimetrar.

Besta hlutverk: Bud White í hinni frábæru L.A. Confidential. Ein svalasta lögga kvikmyndasögunnar.

Skrýtin staðreynd: Hefur komið víða við í tónlist. Hann var í hljómsveit sem hét 30 Odd Foot of Grunts og snemma á níunda áratugnum hljóðritaði hann lagið I Want To Be Like Marlon Brando undir nafninu Rus le Roq.

Eitruð tilvitnun: „Fólk sakar mig um að vera alltaf hrokafullur. Ég er ekki hrokafullur, ég er einbeittur.“

1964 Fæðist 7. apríl í Wellington, höfuðborg Nýja-Sjálands.

1987

Leikur í fjór-um þáttum í sápu-óperunni Nágrönnum.



1990 Preytil frumraun sína í kvikmyndum þegar hann leikur lítið hlutverk í áströlsku myndinni Blood Oath.

1995 Leikur í fyrstu Hollywood-myndum sínum, Virtuosity og The Quick and the Dead.

1999 Tilnefndur til óskarsverðlauna í fyrsta skipti fyrir hlutverk sitt í The Insider. Tapar fyrir Kevin Spacey úr American Beauty.

2000

Hlýtur óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt sem Maximus í Gladiator.



2001 Tilnefndur til óskarsverðlauna þriðja árið í röð fyrir hlutverk sitt sem John Nash í A Beautiful Mind. Tapar fyrir Denzel Washington úr Training Day, en hlýtur Golden Globe- og BAFTA-verðlaun fyrir hlutverkið.

2003 Kvænist tónlistarkonunni Danielle Spencer. Þau eiga saman tvö börn.

2005 Handtekinn fyrir að henda síma í hótélstarfsmann. Sættir nást í málinu eftir að Crowe borgar starfsmanninum morðfé í skaðabætur.



Frumskýningar helgarinnar

Robin Hood

Leikstjóri: Ridley Scott

Aðalhlutverk: Russell Crowe, Cate Blanchett, Max von Sydow, William Hurt, Mark Strong og Danny Huston.

Lengd: 140 mínútur.

Dómar: Engir dómar komnir.

Aldurstakmark: 12 ára.

Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Selfossi og Borgarbíó Akureyri.



Hér er sögð sagan af hinum mikla bogmanni, Robin Hood, frá því hann berst við Frakka í her Ríkarðs konungs og þar til hann snýr aftur til bæjarins Nottingham sem er niðurníddur af spillingu og harðræði alræmds fógeta. Robin Hood verður fjótlega hetja fólksins og nær einnig athygli hinnar fögru ekkju Lafði Marion (Blanchett). Sígild saga í miklum hasarbúningi í leikstjórn Ridley Scott.



Ertu að fara að búa?
Ekki byrja á því að skuldsetja þig

Öryggi til framtíðar,
frelsi þegar þér hentar


B BUSETI™

Elizabeth Taylor • Skálfurinn 19 • 108 Reykjavík • Sími 520-5788 • Fax 533-5748 • www.buseti.is

ÞAÐ ER ENGINN AFSLÁTTUR
GEFINN HJÁ HRÓA HETTI

LEIKSTJÓRINN RIDLEY SCOTT

Leikstjóri Robin Hood er Ridley Scott, einn af öflugustu leikstjórum seinni ára. Scott varð heimsfrægur þegar hann gerði Alien (1979) og fylgdi henni eftir með annarri stórmynd, Blade Runner (1982). Hann hefur þrisvar verið tilnefndur til óskarsverðlauna, fyrir myndirnar Thelma & Louise (1991), Gladiator (2000) og Black Hawk Down (2001), en aldrei hrept hrossið. Á teikniborðinu hjá Scott um þessar mundir er önnur Alien-mynd og þá hefur verið rætt um að gera framhaldsmynd af Robin Hood. Ridley Scott er eldri bróðir leikstjórans Tony Scott sem hefur gert fjölmargar spennumyndir, nú síðast The Taking of Pelham 123.



VILTU
VINNA
MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á **Robin Hood**. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndabráð vikunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra sigurvegara. Þú finnur okkur með því að slá inn „Tímaritið Monitor“ í leitarstrenginn.



MILEY CYRUS HEFUR
EKKI SUNGIÐ SITT SÍÐASTA

The Last Song

Leikstjóri: Aaron Zigman

Aðalhlutverk: Miley Cyrus, Greg Kinnear, Bobby Coleman, Liam Hemsworth, Hallock Beals og Kelly Preston.

Lengd: 107 mínútur.

Dómar: IMDb: 3,0 / Metacritic: 3,3 / Rotten Tomatoes: 20%

Aldurstakmark: Leyfð öllum.

Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Kringlunni og Sambíóin Akureyri.

Rómantísk dramamynd um Ronnie (Cyrus), 17 ára uppreisnargjarna stúlku sem hefur ekki verið söm síðan foreldrar hennar skildu fyrir þremur árum. Móðir hennar sendir hana að búa með föður sínum, sem starfar sem kennari og píanóleikari, í smábæ nokkrum. Það þykir henni afar skítt í fyrstu, en eftir að hún kynnist Will (Hemsworth) er lífið ekki svo glatað eftir allt saman.





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Hjaltalín og Sinfó

Aukatónleikar laugardaginn 19. júní

Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveit Íslands leiða sama hesta sína á stórtónleikum í júní. Uppselt er á tvenna tónleika og hefur þriðju tónleikunum verið bætt við laugardaginn 19. júní.

Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveitin munu leika lög af plötunum Terminal og Sleepdrunk Seasons sem útsett hafa verið fyrir sinfóníuhljómsveit. Einnig verður frumflutt glænýtt efni sem Hjaltalín samdi sérstaklega fyrir þessa tónleika. Stjórnandi er Daníel Bjarnason.

Tryggðu þér miða á sinfonia.is » Miðaverð 3.900 kr.

Mið. 16.06.10 » **UPPSELT**

Fös. 18.06.10 » **UPPSELT**

Lau. 19.06.10 » 20:00

Morgunblaðið

BORGUN

ENNEMM / SIA / NM42189

24 þúsund kr. inneign og Gláp og gott fylgir þessum síma.

Alvöru GSM símar á frábæru tilboði á ring.is.

Skráðu þig á ring.is og fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði, þar með ertu í stærsta vinahópi á Íslandi og færð 990 kr. til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

KAUPAUKI
2x bíó
2x Domino's
2x Serrano



LG Viewty
Útborgun

0kr.

Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.*

2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreiðsluverð: 29.900 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

Athugið að inneign í símatilboðum virkar ekki vinaafslátt Ring.

Stærsti
vinahópur
á Íslandi



Síminn

Ring er ný farsímabjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.